Framkvæmdum var að mestu lokið um áramót en eftir það var lokið við að mála, steypa stéttar, setja upp innréttingar í kálfaeinangrun, koma upp eftirlitsmyndavélum, merkja hús og koma upp skilti út við veg sem kveður á um að þetta sé einangrunarstöð og aðgangur í samræmi við það. Keypt hefur verið dráttarvél og haugsuga, en auk þess þarf að huga að ýmsum smátækjum fyrir vorið til umhirðu í beitarhögum einangrunarstöðvarinnar; áburðardreifara, ávinnsluherfi o.þ.h. Fjárhagslega er einangrunarstöðin komin vel fyrir vind og á rekstrarhæfi að vera tryggt með því framlagi sem henni er ætlað af nautgripasamningi.

Fyrsti Angus kálfurinn fæddist 30. ágúst og hlaut nafnið Vísir. Síðan komu þeir einn af öðrum í heiminn og þegar síðasta kýrin bar þann 14. september höfðu fæðst 12 kálfar, 7 kvígur og 5 naut en ein kýrin bar 2 kvígum. Burðurinn gekk yfirleitt vel en í tveimur tilfella þurfti aðstoð. Í öðru tilvikinu kom ekki sótt á kúna og í hinu var um afturfótafæðingu að

ræða. Mikill lífsþróttur var í kálfunum en þeir voru líka áberandi rólegir og geðgóðir. Í töflu 1 hér að neðan er yfirlit yfir ætterni kálfana og eins og sjá má eru 11 af 12 kálfum undan nautinu 74039 Li's Great Tigre. Einn nautkálfur er undan 74033 First Boyd fra Li, Draumur 0009. Móðurfeðurnir eru síðan fjórir.

Vísir 0001, f. 30. ágúst 2018. F. Li's Great Tigre. Ljósm. Halla Eygló Sveinsdóttir.



Þann 4. október voru kálfarnir færðir inn í einangrunina eftir góða dvöl í kálfagarði í góðviðrinu í september. Sex kýr fylgdu þeim inn í

Tafla 1. Ætterni kálfa f. 2018

Nafn	Númer	Móðir	Faðir	Móðurfaðir
Vísir	0001	Letti av Nordstu	Li's Great Tigre	Dunder av Bognes
Týr	0002	Letti av Nordstu	Li's Great Tigre	Dunder av Bognes
Steina*	0003	Letti av Nordstu	Li's Great Tigre	Dunder av Bognes
Sveina*	0004	Letti av Nordstu	Li's Great Tigre	Dunder av Bognes
Silla	0005	Lara av Høystad	Li's Great Tigre	Ivar fra Li
Vísa	0006	Lara av Høystad	Li's Great Tigre	Ivar fra Li
Birna	0007	Letti av Nordstu	Li's Great Tigre	Dunder av Bognes
Fóstra	0008	Lara av Høystad	Li's Great Tigre	Ivar fra Li
Draumur	0009	Lita av Høystad	First-Boyd Fra Li	Horgen Eric
Munda	0010	Leslie av Høystad	Li's Great Tigre	Irving fra Li
Baldur	0011	Lara av Høystad	Li's Great Tigre	Ivar fra Li
Bætir	0012	Lara av Høystad	Li's Great Tigre	Ivar fra Li

* Steina og Sveina eru tvíkelfingar.

einangrunina. Kálfarnir eru vigtaðir hálfsmánaðarlega og þyngjast vel oft um og yfir 1,5 kg á dag. Sá sem mestan vöxt sýnir er oft með þungaaukningu yfir 2 kg á dag. Kýrnar voru síðan teknar frá þeim þann 21. febrúar, en öfugt við það sem vænst var dró

Tafla 2. Niðurstöður vigtunar á kálfum á Stóra-Ármóti 7. mars 2019.

Gripanúmer	Nafn	Fæðingardagur	Fæðingarpungi	Aldur, d.	Pungi 7. mars 2019	Vöxtur kg/dag
1	Vísir	30.8.2018	40	189	336	1,566
2	Týr	3.9.2018	43	185	322	1,508
3	Steina	10.9.2018	34	178	257	1,253
4	Sveina	10.9.2018	29	178	256	1,275
5	Silla	11.9.2018	39	177	259	1,243
6	Vísa	11.9.2018	39	177	293	1,435
7	Birna	11.9.2018	42	177	293	1,418
8	Fóstra	11.9.2018	34	177	256	1,254
9	Draumur	12.9.2018	43	176	352	1,756
10	Munda	13.9.2018	43	175	232	1,080
11	Baldur	14.9.2018	48	174	266	1,253
12	Bætir	14.9.2018	47	174	272	1,293

Það ekki úr vexti kálfana. Sjá má niðurstöður vigtunar á kálfunum frá 7. mars s.l. í töflu 2.


Einangrun kálfana lýkur í byrjun júlí og þá má taka sýni úr þeim. Að lokinni greiningu er hægt að fara að taka sæði úr nautunum, sem verður flutt á Nautastöð BÍ og dreift þaðan. Þá verða nautin seld hæstbjóðanda á útboði/uppboði en nánar á eftir að útfæra það. Sæði mun standa bændum til boða næsta haust. Stefnt er að því að takna fósturvísa úr kvígúnunum sem til eru, en það er mögulegt þar sem Draumur 0009 er óskyldur þeim. Fósturvísarnir verða síðan boðnir bændum til kaups. Að því loknu verða kvígurnar fluttar aftur yfir í einangrunarfjósíð og sæddar þar með innfluttu sæði.

Í júní voru keyptar 38 kýr af bændum í nágrenninu og á Rangárvöllum. Þann 10. ágúst komu 38 fósturvísar til landsins en við áttum 5 fósturvísa frá fyrra ári. Dýralæknarnir Þorsteinn Ólafsson og Sveinn Ólason ásamt Guðmundi Jóni Skúlasyni, frjótækni, hófust handa 20. september um að koma þeim fyrir og nú þegar fangskoðun hefur farið fram er ljóst að einungis 11 kýr hafa haldið. Sá árangur er talsvert


lakari en vænst hafði verið, en þó ekki verulega úr takti við þá reynslu sem verið hefur af samstillingum á íslenskum kúm síðustu ár. Kálfarnir fæðast í lok júní og byrjun júlí. Ætterni þeirra er eftirfarandi:

- Lis Great Tigre og Lara av Höystad, 2 kálfar. Alsystkini Sillu, Vísu, Fóstru, Baldurs og Bætis.
- Lis Great Tigre og Letti av Nordstu, 1 kálfur. Alsystkini Vísis, Týs, Steinu, Sveinu og Birnu.
- Horgen Eirie og Maiken av Grani, 5 kálfar.
- Hovin Hauk og Mose av Grani, 3 kálfar.

Á komandi sumri hefst nýr þáttur í starfsemi einangrunarstöðvarinnar, þegar sá áfangi næst að afgreiða frá henni nýtt erfðaeftni til notkunar hjá bændum. Þrátt fyrir að greininlegur áhugi hafi verið meðal bænda gagnvart verkefninu hefur ekkert mat verið lagt á væntanlega eftirspurn, eða möguleika búanna til að nýta sér þetta nýja erfðaeftni. Því er afar brýnt að hefja nú þegar markvissa ráðgjöf til bænda um hvernig best verði að málum staðið, t.d. varðandi kynbætur, aðstöðu, sæðingar o.þ.h.



Draumur 0009, f. First-Boyd Fra Li.
Ljósm. Halla Eygló Sveinsdóttir.



Vísa 0006, f. Li's Great Tigre. Ljósm.
Halla Eygló Sveinsdóttir.

Gert er ráð fyrir að panta 25 fósturvísa og eitthvað af sæði frá Noregi, vegna fósturvísainnlagnar og sæðinga á stöðinni nú í haust. Náist bærilegur árangur af því og að fjöldi fæddra kvígna verði í eðlilegu fari, ætti að vera orðin nægjanlega stór hópur arfheimna kúa til framræktunar í stöðinni. Eftir það þarf tæplega að sækja fleiri fósturvísa að sinni og kynbótum þá eingöngu sinnt með innflutningi sæðis.

*Sigurður Loftsson,
stjórnarformaður Nautls.*



Í blíðviðrinu þann 19. sept. 2018. Vel fór um kálfa og kýr.
Ljós. Halla Eygló Sveinsdóttir.

Vigtun á Stóra-Ármóti 21. mars 2019.
Ljós. Halla Eygló Sveinsdóttir.



F.v. Þorsteinn Ólafsson og Steina 0003 þann 19. sept. 2018.

Ljós. Halla Eygló Sveinsdóttir.



Týr 0002 og Fóstra 0008 þann 19. sept. 2018.

Ljós. Halla Eygló Sveinsdóttir.

110. aðalfundur
Búnaðarsambands Suðurlands
haldinn 13. apríl 2018 að Smáratúni í Fljótshlíð.

1. Fundarsetning, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Gunnar Kr. Eiríksson á Túnbergi setti fundinn og bauð fulltrúa, starfsmenn, heiðursfélaga, gesti og framkvæmdastjóra Bændasamtakanna velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Erlendur Ingvarsson stýrði fundi og að starfsmenn Búnaðarsambandsins þau Gunnar Ríkharðsson og Helga Sigurðardóttir rituðu fundargerð og var það samþykkt.

2. Skipan kjörbréfanefndar, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar bar upp tillögu um að þeir Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli, Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum og Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1 skipuðu nefndina og var tillagan samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands var haldinn 11. apríl 2017 í Félagslundi Flóahreppi. Gunnar gerði grein fyrir tillögum síðasta aðalfundar og afdrifum þeirra. Breytingar urðu á stjórn en Baldur I. Sveinsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og eru Baldri þökkuð vel unnin stjórnarstörf. Helgi Eggertsson var kosinn í aðalstjórn en Helgi starfaði sem varamaður Baldurs um 1 árs skeið og er hann boðinn velkominn. Stjórn skipti með sér verkum; Gunnar Eiríksson, Túnbergi, formaður, Ragnar M. Lárusson, Stóradal, varaformaður, Sigurjón Eyjólfsson, Eystri-Pétursey, ritari, Erlendur Ingvarsson, Skarði og Helgi Eggertsson, Kjarri, meðstjórnendur. Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Kosið var til Búnaðarþings og hlutu kosningu fyrir utan formann sem er sjálfkjörin; Erlendur Ingvarsson, Skarði, Ragnar Lárusson, Stóradal, Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey, Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti og Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð.

Uppbygging einangrunarstöðvar vegna innflutnings á Aberdeen-Angus fósturvísu var í gangi allt árið en Sveinn Sigurmundsson er framkvæmdastjóri stöðvarinnar og hefur verkefnið tekið töluverðan

tíma. Baldur I. Sveinsson starfsmaður verkefnisins hefur staðið sig með þrýði og eru honum færðar þakkir fyrir.

Í sumar var hafist handa við breytingar í fjósinu á Stóra-Ármóti í lausagöngufjós með legubásu. Bústjórarnir, Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, sáu um breytinguna að mestu leyti og eru þeim færðar þakkir fyrir gott starf, en kýrnar komu inn í október og una hag sínum vel.

Á haustdögum hafði Hitaveita Selfoss samband við Búnaðarsambandið og lýsti áhuga sínum til frekari heitavatnsöflunar í landi Stóra-Ármóts en fyrir er samningur sem nær yfir um helming jarðarinnar og eru 3 borholur nýttar í dag. Nýr samningur var gerður um þann hluta jarðarinnar sem eldri samningur nær ekki yfir og var hann undirritaður í upphafi þessa árs.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fór yfir helstu mál sem snertu starfsemi BSSL á árinu 2017. BSSL var stofnað þann 6. júlí 1908 og er þessi fundur því 110. aðalfundurinn. Á síðasta ári voru stofnuð tvö ný einkahlutafélög í eigu BSSL, annars vegar Kynbótastöð ehf sem yfirtók alla starfsemi tengda nautgripa- og sauðfjársæðingum svo og klaufsnyrtingu og hins vegar Bændabókhald ehf sem selur þjónustu tengda bókhaldi og rekstri. Áður var búið að stofna einkahlutafélag um búreksturinn á Stóra Ármóti. Á þessum fundi er því eingöngu farið yfir reikninga sem skýra rekstur Búnaðarsambandsins sem slíks og þeir bornir upp til samþykktar en niðurstöður reikninga dótturfélaga eru bara lagðar hér fram til kynningar.

BSSL að meðtöldum dótturfélögum var með um 292 milljónir í rekstrartekjur sem er aukning frá fyrra ári úr um 280 milljónum. Rekstrargjöld voru 293,6 milljónir og var því rekstrartap upp á 1,6 milljónir. Fjármunaliðir skila 3,6 milljónum sem er þó aukning frá fyrra ári þar sem þeir skiluðu 2,1 milljón. Hagnaður með vaxtatekjum er því rúmar 2 milljónir króna en eftir skatta er það rúm milljón sem er í hagnað.

Samkvæmt efnahagsreikningi eykst eigið fé um

rúma milljón og er nú 254,6 milljónir. Eignir lækka hinsvegar sem skýrist af því að eignir og skuldir voru færðar yfir í dótturfélög. Áhrif þess má sjá í sjóðstreymi en þar lækka rekstrartengdar eignir og skuldir um 9,6 milljónir en höfðu árið á undan hækkað um 8,6 milljónir. Veltufjármunir aukast úr 157,2 milljónum í 161,6 milljónir. Eiginfjárlutfall vex úr 85,8 % í 91,6 %. Í efnahagsreikningi samstæðunnar koma fram bókfærðar eignir upp á 311 milljónir króna.

Búnaðarsambandið (aðalskrifstofan) er með veltu sem nemur um 77,5 milljónum og hagnað upp á 1,1 milljón króna þegar búið er að taka tillit til dótturfélaga og skatta. Reynt var að hagræða á síðasta ári m.a með því að fækka og breyta ráðningar- fyrirkomulagi starfsfólks, selja bíl og taka við nýjum verkefnum.

Bændabókhalld ehf. velti 35,4 milljónum og var með tæpar 400 þúsund kr í hagnað. Verkefnin eru að aukast og áhugi er á að auka starfsemina. Starfsmenn eru núna fjórir og viðskiptamenn á þriðja hundrað.

Á Stóra Ármóti voru rekstrartekjur um 54,7 milljónir. Rekstrargjöld voru 47,3 milljónir og hagnaður 6,3 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða. Á árinu var farið í miklar framkvæmdir í fjósinu og því breytt í lausagöngu-fjós. Mikilvægt er að nýta aðstöðu á Stóra Ármóti meira tengt rannsóknum og athugunum

Kynbótastöð ehf. sá um allan rekstur á sæðingum og klaufsnyrtingu á síðasta ári og rekstrartekjur voru um 144 milljónir. Tap varð á rekstri á árinu upp á 3,1 milljón og þar af var tap á sauðfársæðingum rúmlega 1 milljón en um 25% samdráttur varð á síðasta ári í sölu á hrútasæði enda rekstur sauðfjár-búa erfiður um þessar mundir. Alls voru klaufir snyrtar á 5663 kúm á síðasta ári sem er aukning um 1000 kúr milli ára en fjöldi nautgripasæðinga var svipaður milli ára.

BSSL sá um úttektir á jarðabótum og vatnsveitum fyrir MAST. Tekið var í notkun nýtt tölvukerfi við úttektir haustið 2017 og þessu fylgdi mikil vinna en samstarfið við Búnaðarstofu var mjög gott, en hún sér um þessi mál fyrir hönd MAST. Áhugi er hjá báðum aðilum á að halda þessu samstarfi áfram og auka við það ef hægt er.

Nautgripaþektarmiðstöð Íslands kláraði að reisa einangrunarstöð fyrir holdagripa á árinu en stöðin er staðsett á Stóra Ármóti. Heildarkostnaður við verk-

efnið frá upphafi er núna orðinn um 153 milljónir og er það heldur meira en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Fluttir voru inn Angus-fósturvísar frá Noregi og settir í 33 íslenskar kúr. Staðfest fang var í 11 kúm og er það heldur lakari útkoma en vonast var eftir en það skýrist helst af því að flutningurinn átti sér stað á mjög óhentugum árstíma.

BSSL er samband 35 aðildarféлага og með um 1140 félagsmenn. Framtíðarsýnin er að búnaðarsambandið reki öflug þjónustufyrirtæki fyrir bændur á svæðinu, sinni öflugri hagsmunagæslu og taki síðan að sér ýmis verkefni fyrir aðrar stofnanir sem snúa að bændum t.d. úttektarverkefni fyrir Búnaðarstofu og jafnvel komi meira að hagtölusöfnun í landbúnaði.

5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Þorsteinn á Syðra-Velli taldi Búnaðarsambandið vel rekið. Taldi að einangrunarstöðin á Stóra Ármóti ætti undir högg að sækja ef tollalaus innflutningur á nautakjöti myndi aukast mikið vegna nýrra tolla-samninga. Taldi að auka ætti tilraunir á Stóra Ármót. *Daníel í Akbraut* þakkaði Sveini fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina. Vildi frekar nota orðið klaufsnyrt-ing heldur en klaufskurður. Spurðist fyrir um hvort von væri á nýju forriti til að halda utan um jarð-ræktarskýrsluhaldið í stað forritsins „Jörð“ sem *Daníel* taldi flest til foráttu.

Gunnar á Tünsbergi, stjórnarmaður í BÍ, svaraði því til að ekki hefðu fengist fjármunir til að endurskrifa jarðræktarforritið Jörð frá grunni og því væri stefnt að endurbótum á eldra forriti frekar en nýju forriti nú í ár.

Samúel í Bryðjuholti spurðist fyrir um kostnað við úttektir á jarðabótum.

Sveinn Sigurmundsson sagði að allur kostnaður við aðstoð við umsóknir, úttektir, akstur og heimsóknir væri um 250 kr á ha.

6. Matarhlé.

7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli, formaður nefndarinnar kynnti niðurstöður nefndarinnar. Rétt til setu á fundinum eiga fulltrúar frá 30 búnaðar-félögum og 5 búgreinafélögum.

Kjörbréf fulltrúa lesin upp og eftirfarandi fulltrúar eru mættir:

Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps:

Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli

Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps:

Sigurfinnur Bjarkarson, Tóftum.

Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps:

Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík.

Búnaðarfélag Hraungerðishrepps:

Gísli Hauksson, Stóru Reykjum.

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps:

Kristinn Matthías Símonarson, Kolsholti 1

Búnaðarfélag Skeiðahrepps:

Jón Vilmundarson, Skeiðháholti.

Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps:

Arnór Hans Þrándarson, Þrándarholti

Búnaðarfélag Hrunamannahrepps:

Benedikt Kristinn Ólafsson, Auðsholti

Þórunn Andrédóttir, Bryðjuholti

Búnaðarfélag Bláskógabyggðar:

Daníel Pálsson, Hjálmsstöðum

Theódór Vilmundarson, Efstadal

Búnaðarfélag Grímsneshrepps:

Ágúst Gunnarsson, Stærribæ

Búnaðarfélag Ölfushrepps:

Pétur B. Guðmundsson, Hvammi

Búnaðarfélag Eyrabakka:

Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag A-Eyjafjallahrepps:

Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag V-Eyjafjallahrepps:

Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk 3

Búnaðarfélag A- Landeyjarhrepps:

Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey

Búnaðarfélag V-Landeyjarhrepps:

Berglind Bjarnadóttir, Ey

Búnaðarfélag Fljótshlíðahrepps:

Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum.

Búnaðarfélag Hvolhrepps:

Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Rangárvallahrepps:

Enginn fulltrúi

Búnaðarfélag Landmannahrepps:

Enginn Fulltrúi

Búnaðarfélag Holtahrepps:

Daníel Magnússon, Akbraut.

Búnaðarfélag Djúparhrepps :

Birkir Ármannsson, Brekku

Búnaðarfélag Ásahrepps:

Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Hörgslandshrepps:

Enginn fulltrúi.

Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps:

Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1.

Búnaðarfélag Álftavers:

Þorbergur Jónsson, Holti

Búnaðarfélag Leiðvallahrepps:

Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey 1

Búnaðarfélag Skaftártungu:

Bergur Sigfússon, Austurhlíð

Búnaðarfélag Hvammshrepps:

Gísli Guðbergsson, Lækjarbakka 2

Búnaðarfélag Dyrhólahrepps:

Magnús Örn Sigurjónsson, Pétursey

Félag sauðfjárbænda í Árnassýslu:

Jökull Helgason, Ósabakka 1

Félag sauðfjárbænda í Rangárv.sýslu:

Erlendur Ingvarsson, Skarði.

Hulda Brynjólfsdóttir, Tyrfingsstöðum

Ragnar M. Lárusson, Stóradal

Félag sauðfjárbænda í V-Skaft.:

Sigurjón Fannar Ragnarsson, Þykkvabæ 3

Loðdýraræktarfélag Suðurlands:

Hjalti Logason, Neðridal

Félag kúabænda á Suðurlandi:

Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu

Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki

Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti

Bjarni Músson, Dalbæ (varam).

Mættir eru 35 fulltrúar úr 23 búnaðarfélögum og 5 búgreinafélögum. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt samhljóða.

Kjörbréf Gísla Guðbergssonar barst síðar en var borið upp af fundarstjóra og samþykkt af fundinum.

8. Af vettvangi BÍ og helstu mál Búnaðarþings 2018, *Sigurður Eypórsson*.

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri BÍ, færði

fundinum góðar kveðjur frá stjórn og starfsfólki Bændasamtakanna. Stærsta breytingin á umhverfi BÍ á árinu 2017 var niðurfelling búnaðargjaldsins sem gjörbreytir allri tekjuöflun samtakanna.

Skráðir aðildarfélagar í BÍ eru nú um 3.400 en á bak við eina aðild geta verið fleiri en einn einstaklingur. Sigurður greindi frá helstu málum sem eru í vinnslu hjá BÍ og hafa verið síðustu mánuði. Er þar helst að nefna tollasamninga, hrátt kjöt, umhverfismál, búvörusamninga og félagskerfið.

Tollasamningar. Fyrsti áfangi í lækkun innflutnings-tolla tekur gildi 1.maí 2018 en athugun sérfræðinga leiddi í ljós að áætlað tekjutap bænda gæti verið um 16% vegna aukins innflutnings í kjölfar nýrra tolla-samninga. Taka þarf tillit til þess hvort um er að ræða kjöt á beini eða úrbeinað kjöt og einnig þarf að efla tollaefirlit svo t.d. vöðvar séu ekki fluttir inn sem hakkefni. Þá þarf að fara yfir tollverndina við endurskoðun búvörusamninga m.a. með tilliti til magntolla og verðtolla.

Hrátt kjöt þ.e. ófrosið hrátt kjöt (ferskt kjöt). Samkvæmt úrskurði EFTA dómstólsins er okkur ekki heimilt að krefjast frystingar á kjöti fyrir innflutning og ekki má takmarka innflutning á ógerilsneyddri mjólk og eggjum. Eftir sem áður megum við hafa í gildi bann við markaðsetningu á ógerilsneyddri mjólk hérlandis svo innflutningsleyfi á henni hefur sennilega lítil áhrif.

Dómstóll EFTA samþykkir ekki að áhætta aukist á búfjár- og matarsýkingum með innflutningi á fersku kjöti. Áhætta eykst þó örugglega með innflutningi á fersku kjúklingakjöti frá ýmsum löndum miðað við ástand innlendrar framleiðslu ekki hvað síst m.t.t. kamfýlóbakter-sýkinga.

Vinna er í gangi á vegum BÍ við að skoða möguleika á endurskoðun samninga og Sigurður metur það svo að ráðherra hafi ekki útilokað þann möguleika.

Umhverfismál. Loftslagsmál eru mjög áberandi í umræðunni nú um stundir og kannski er umræðan kominn fram úr raunverulegri þekkingu á vissum sviðum. Mikilvægt er að bændur taki jákvætt undir þessi mál en á sama tíma geri kröfu um að rannsóknir liggi að baki ákvörðunum t.d. varðandi áhrif landnýtingar á losun kolefnis. Síðasta Búnaðarþing samþykkti ítarlega greinargerð um þessi mál.

Búvörusamningar og breytingar á þeim. Áherslur búgreinafélaganna varðandi búvörusamninga hafa komið fram á aðalfundum þeirra að undanfögnu. Aðalfundur LS samþykkti t.d. að skynsamlegt væri að frysta allar stuðningsgreiðslur til að taka út alla framleiðsluhvata. Aðalfundur LK samþykkti ályktun í þá veru að nauðsynlegt sé að halda áfram með framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu en atkvæðagreiðsla er nú fyrirhuguð á meðal kúabænda um framhaldið. Garðyrkjubændur vilja beingreiðslur út á fleiri tegundir afurða heldur en nú er greitt út á. Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga var nýlega endurskipaður af nýjum ráðherra en rétt er að benda á að þetta er ekki samninganefnd sem slík heldur skipar BÍ í samráði við hverja búgrein fulltrúa í slíka nefnd þegar að því kemur.

Félagskerfi bænda hefur verið mikið í umræðunni að undanfögnu. Félög bænda þurfa að vinna betur saman og einfalda þarf kerfið ef hægt er. Búnaðarþing samþykkti skipun nefndar til að skoða félagskerfið og koma með tillögur til breytinga ef þörf er á. Ýmsum spurningum þarf að svara t.d. hvaða verkefni eiga að vera hvar, hvað á að gera og hvað ekki og hvernig á aðildin að Bændasamtökunum að vera, er hún bein fyrir hvern einstakling eða óbein gegnum aðildarfélög?

Er aðild að Bændasamtökunum bara tengd búsetu í dreifbýli eða er gerð krafa um búvöruframleiðslu til að eiga möguleika á aðild?

Spurningin er hvernig náum við hagkvæmasta skipulaginu og nýtum best þá fjármuni sem fyrir hendi eru.

Sigurður lauk máli sínu og þakkaði fundarmönnum gott hljóð.

9. Helstu verkefni RML, Runólfur Sigursveinsson.

Runólfur Sigursveinsson, fagstjóri rekstrar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), flutti ítarlegt erindi um stöðu og framtíð RML. Sagði hann frá helstu verkefnum og hvernig staðið er að fjármögnun rekstrarins en fyrirtækið hefur nú starfað um 5 ára skeið.

Heildartekjur RML á árinu 2017 voru um 545 milljónir. Þar af komu um 343 milljónir úr rannsóknir búvörusamninga og rúmlega 39 milljónir úr Framleiðnisjóði og þróunarsjóðum búgreina til ákveðinna verkefna og námu framlög því um 70% af

tekjum fyrirtækisins. Framlög úr rammasamningi munu þó lækka um 15 milljónir á ári næstu 10 árin skv ákvæðum samningsins. Útseld vinna og þjónusta skilaði um 120 milljónum en aðrir tekjuliðir eru kynbótasýningar hrossa sem skiluðu tæpum 25 milljónum og lambadómar sem skiluðu rúmum 18 milljónum á síðasta ári.

Laun og annar starfsmannakostnaður RML nam um 349 milljónum eða um 70% af rekstrargjöldum, en meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2017 var um 38 en var tæplega 50 þegar fyrirtækið hóf starfsemi árið 2013. Fyrstu tvö árin var verulegt tap (um 47 milljónir) af rekstri RML en frá árinu 2015 hefur verið hagnaður af rekstri og á árinu 2017 nam hagnaður fyrir skatta rúmum 48 á milljónum. Samanlagður hagnaður eftir skatta fyrstu fimm ár starfseminnar er um 46 milljónir kr.

Af hefðbundnum verkefnum sem RML sinnir má nefna framkvæmd kynbótastarfsins í nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt, þjónusta við skýrsluhald og ýmiss almenn verkefni í búfjárrækt eins og lambadómar og kynbótadómar hrossa. Sérhæfð ráðgjöf fyrir einstaka bændur er m.a. á sviði rekstrar, bútækni, fôðrunar, jarðræktar og kynbóta. Á rekstrar-sviði má nefna að unnar eru um 200-250 fjárfestingaáætlanir á ári en þær tengjast t.d. jarðakaupum, framkvæmdum og ættliðaskiptum. Á bútæknisviði er áhersla lögð á að aðstoða bændur við að uppfylla kröfur um aðbúnað dýra og einnig að bæta vinnu-aðstöðu. Þá er aukin áhersla á gerð verkáætlana og kostnaðargreiningu einstakra verkþátta við stórar framkvæmdir.

Fóðuráætlanagerð er mikilvægur þáttur í ráðgjöf til kúabænda en RML leggur áherslu á að óháð ráðgjöf á þessu sviði sé mikilvæg en flestir fôðursalar bjóða einnig upp á ráðgjöf til sinna viðskiptavina.

Á jarðræktarsviði er lögð áhersla á að tengja jarðvinnslu, ræktun og áburðargjöf við hagkvæmni gróf-fóðuröflunar en ljóst er að sá þáttur hefur hvað mestu áhrif á afkomu búans.

Á sviði nautgriparæktar er vaxandi áhugi á gerð pörunaráætlana og ekki hvað síst norðanlands en um 120 kúabændur kaupa nú þessa þjónustu.

Þá hefur RML í vaxandi mæli notið aðstoðar erlendra ráðgjafa við sölu á þjónustu m.a. á sviði kornræktar og garðyrkju og einnig nýtt sér þekkingu utanaðkomandi innlendra sérfræðinga, m.a. á sviði bútækni og bygginga.

Þá má nefna nýtt verkefni sem RML vinnur nú að í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið en markmið þess er að meta umfang losunar gróður-húsalofttegunda frá búrekstri og finna hagkvæmar leiðir til að draga úr henni.

Eins og áður kom fram munu framlög til RML skv. rammasamningi búvörusamninga skerðast um 15 milljónir á ári næstu 10 árin en bregðast verður við því með því að auka sölu á þjónustu, auka skilvirkni og þróa ný verkefni. Takist það ekki er óhjákvæmi-legt að draga úr starfsemi á einhverjum sviðum sem ekki skila nægum tekjum.

Lauk Runólfur þar máli sínu en fundarstjóri leyfði þá umræður um erindi framsögumanna.

Bjarni Músson í Dalbæ spurði Sigurð Eyþórsson að ef samþykkt verður af kúabændum að halda áfram með framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu hvort þá þurfi að gera alveg nýjan búvörusamning eða hvort dugi að breyta núverandi samningi.

Sigurður Eyþórsson svaraði því til að ef samþykkt verður að halda áfram með framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu þá muni hún byggjast á núverandi kerfi skv. búvörusamningi.

Þorsteinn á Syðra-Velli sagði bændur ekki hafa gert nægar kröfur um bætt kjör og því þyrfti að breyta þar sem aðrar stéttir hafi fengið miklar kjarabætur. Hvatti hann framámenn BÍ til dáða. Hann spurði Runólf hvernig fjármagn komi til RML frá Framleiðnisjóði.

Runólfur svaraði því til að fjármagn kæmi til RML til ákveðinna verkefna og kæmi það ýmist beint frá Framleiðnisjóði eða í gegnum þróunarsjóði búgreinanna.

Sveinn Sigurmundsson þakkaði Runólfi fyrir gott erindi en sagði RML kannski hafa vantað meiri sýnileika. Þá sagði hann það valda áhyggjum hve fáir virðast sækja um fagleg störf í landbúnaði og spurði Runólf um umsóknir um starf naugriparæktar-ráðunautar hjá RML sem auglýst var fyrir skömmu. Runólfur sagðist sammála Sveini um að sýnileiki RML þyrfti að vera meiri og nú væri lag til að bæta það þar sem staða RML væri nú mun betri fjárhags-lega heldur en áður. Staða nautgriparæktarráðunauts var auglýst, tvær umsókir bárust en ákveðið var að bíða með ráðningar í bili en unnið er að skipulags-breytingum og tilfærslu verkefna hjá RML.

Sveinn Sigurmundsson spurði Sigurð Eyþórsson um nýstofnaðan velferðarsjóð BÍ.

Sigurður sagði að sjóðurinn taki til starfa nú í vor og fái fjármagn núna úr B-deild Bjargráðasjóðs. Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja fjárhagslega við félagsmenn BÍ er þeir verða fyrir meiriháttar áföllum í búrekstri sínum, s.s. vegna veikinda og slysa. Sjóðurinn styður einnig forvarnarverkefni tengd vinnuvernd og slysavörnum eða önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.

Erlendur í Skarði spurði Sigurð hvort rétt væri að formaður Bændasamtakanna hefði tekið illa í tillögur frá aðalfundi LS varðandi endurskoðun á búvöru-samningi.

Sigurður svaraði því til að engin yfirlýsing hafi verið gefin út af stjórn BÍ varðandi þessar tillögur og ekki vildi hann fullyrða neitt um persónulegar skoðanir formannsins.

Gunnar Ríkarðsson sagði að það væri stundum erfitt að átta sig á því hvað einstök ríki mættu gera og hvað ekki m.t.t. alþjóðlegra samninga. Hann spurði Sigurð Eyþórsson hvort það væri réttur skilningur hjá sér að þar sem banna mætti sölu á Íslandi á ógerilsneyddri mjólk þó innflutningur sé núna leyfður þá myndi það sama gilda um aðrar landbúnaðarvörur. Þannig gætum við t.d. bannað sölu á ferskum kjúklingum á Íslandi ef áhugi væri á því þó svo innflutningur væri leyfður.

Sigurður svaraði því til að hann teldi svo vera svo lengi sem bannið gildi bæði fyrir erlenda og innlenda framleiðendur.

10. Tillögur lagðar fram og kynntar.

Sveinn Sigurmundsson gerði grein fyrir hvaða tillögur hafa borist frá stjórn og aðildarfélögum og vísaði þeim til nefnda til afgreiðslu.

11. Nefndir hefja störf.

Sveinn Sigurmundsson tilnefndi formenn nefnda og gerði tillögur að skipan fulltrúa í nefndir.

Allsherjarnefnd, form. Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey 2.

Fjárhagsnefnd, form. Theódór Vilmundarson Efstadal.

Fagmálanefnd, form. Jón Vilmundarson Skeiðhá-holti.

12. Kosningar.

Kosið um tvo stjórnarmenn og tvo í varastjórn úr

Rangárvallasýslu.

Fram kom að báðir núverandi stjórnarmenn gefa kost á sér áfram.

Sem aðalmenn voru kosnir Ragnar Lárusson í Stóradal með 31 atkvæði og Erlendur Ingvarsson í Skarði með 29 atkvæði.

Sem varamenn voru kosin Borghildur Kristinsdóttir í Skarði með 26 atkvæði og Sigurður Sæmundsson á Skeiðvöllum með 16 atkvæði.

Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga

Stungið var upp á Páli Eggertssyni, Arngeirsstöðum og Valdimari Guðjónssyni, Gaulverjabæ.

Var það samþykkt með lófataki.

13. Tillögur frá nefndum, umræður og afgreiðsla.

Theódór Vilmundarson kynnti tillögur fjárhagsnefndar:

Tillaga nr. 1 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2018 verði kr. 4.000 á hvern félagsmann.

Jóhann Nikulásson vildi halda sig við tillögu stjórnar þar sem gert var ráð fyrir að árgjald yrði 5.000 kr. fyrir hvern félagsmann og gerði það að tillögu sinni. Var sú breytingartillaga borin upp og samþykkt með 17 atkvæðum gegn 14.

Svohljóðandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða: Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2018 verði kr. 5.000 á hvern félagsmann.

Tillaga nr. 2 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar einföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna þ.e. kr. 11.200.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 3 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 10.000 fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga samkvæmt ríkistaxta og aksturs kr. 80 pr.km. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs kr. 80 pr. km. Formaður fái að auki eingreiðslu sem

nemur kr. 300.000 á ári.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillaga nr. 4 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2018.

Tillagan borin upp og samþykkt án umræðu með einu mótatkvæði.

Jóhann Nikulásson mælt fyrir tillögum allsherjarnefndar:

Tillaga nr. 5 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands, haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 skorar á Landbúnaðarháskóla Íslands að efla og standa betur að rannsóknum í nautgripærækt á Stóra-Ármóti og nýta þá aðstöðu sem þar er til staðar, landbúnaði til hagsbóta og framfara.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

Tillagan barst til fundarins frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps eins og hún var samþykkt.

Tillaga nr. 6 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 krefst þess að sú starfsemi sem unnin er í Búnaðarstofu Matvæla- stofnunar verði færð í sjálfstæða stofnun undir stjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis til að styrkja stjórnsýslu í landbúnaði.

Greinargerð með tillögu:

Stjórnsýsla sem um ræðir er m.a. að sjá um framkvæmd búvörusamninga og hagtölusöfnun í landbúnaði. Þar geta starfsmenn búnaðarsambanda nýtt sína staðbundnu þekkingu með því að vinna að verkefnum fyrir slíka stofnun. Einnig má hugsa að allir miðlægir gagnagrunnar sem eru í eigu bænda í dag færist undir stofnunina sem sæi þá um viðhald þeirra og þróun í samstarfi við fagráð viðkomandi búgreina. Ennfremur gætu fleiri verkefni sem unnin eru í ANR átt þarna heima og má í því sambandi nefna umsjón með tollamálum. Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands telur mjög brýnt að styrkja stjórnsýsluna í landbúnaði svo hún þjóni betur hagsmunum atvinnugreinarinnar svo fæðuöryggi landsmanna sé tryggt til langs tíma.

Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar á tillögunni

í meðförum fundarins en hún síðan samþykkt samhljóða eins og hún er rituð hér.

Jón Vilmundarson mælti fyrir tillögum fagmálanefndar.

Á fundinum hafði komið fram ábending um að auka þyrfti sýnileika RML á meðal bænda og því lagði fagmálanefnd fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga nr. 7 - frá fagmálanefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 hvetur RML til að kynna starfsemi, þekkingu og vöruframboð fyrir- tækisins á meðal bænda með markvissari og sýnilegri hætti en verið hefur.

Tillagan var samþykkt samhljóða án umræðu.

Í umræðum á fundinum hafði komið fram að í stjórn RML ættu sauðfjárbændur þrjá fulltrúa en kúabændur engan. Nefndin lagði því fram eftirfarandi tillögu.

Tillaga nr. 8 - frá fagmálanefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Smáratúni í Fljótshlíð 13. apríl 2018 hvetur stjórn Bændasamtaka Íslands til að gæta að sjónarmiðum sem flestra búgreina við tilnefningu til stjórnar RML.

Gunnar á Tünsbergi, stjórnarmaður í BÍ, gerði grein fyrir því að stjórn BÍ skipi í stjórn RML en frekar illa hafi gengið að fá fólk til að sinna stjórnarstörfum.

Eftir nokkrar orðalagsbreytingar var tillagan samþykkt samhljóða eins og að ofan greinir.

14. Reikningar bornir undir atkvæði.

Þá voru reikningar félagsins bornir upp til samþykktar

Samúel í Bryðjuholti gerði athugasemd við að reikningum sé ekki dreift til fulltrúa fyrir fund. Spurði út í stofnsjóð BSSL hjá Auðhumlu og SS.

Sveinn Sigurmundsson svaraði Samúel. Stofnsjóðir Stóra-Ármóts eru í kringum 40 milljónir og koma fram í reikningum Stóra Ármóts ehf. Ef dreifa á reikningum BSSL til fulltrúa á aðalfundi fyrir fund þá þarf að skila kjörbréfum mun fyrr til BSSL svo það liggi fyrir hvert á að senda gögnin.

Reikningar síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

15. Önnur mál

Ragnar M. Lárusson þakkaði það traust sem honum var sýnt við stjórnarkjör.

Jóhann Nikulásson gerði athugasemd við ummæli Erlendar í Skarði í garð formanns Bændasamtaka ekki hvað síst þar sem hann væri fjarstaddur.

Erlendur skýrði sitt mál.

Þorsteinn á Syðra-Velli hvatti bændur til að segja sína skoðun bæði á forystumönnum bænda og þeim málefnum sem að bændum snúa.

Fleiri tóku ekki til máls og þakkaði Erlendur það

traust sem honum var sýnt við stjórnarkjör og bauð formanni að slíta fundi.

16. Fundarslit, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar Kr. Eiríksson þakkaði góðan fund. Var mjög ánægður með tillögu um aukið tilraunastarf á Stóra-Ármóti og málefnalegan fund og sagði fundi slitið um kl. 16:45.

Gunnar Rikharðsson

Helga Sigurðardóttir



Lög Búnaðarsambands Suðurlands

1.gr.

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

Nái starfssvæði aðildarfélags inn á starfssvæði annars búnaðarsambands skal leitað eftir samstarfssamningi við það.

2.gr.

